

357. fundur Skólanefndar FS

12. janúar 2022



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Guðmundur Rúnar Júlíusson og Guðlaug Pálsdóttir skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staðan.
2. Útskrift.
3. Fjármál.
4. Önnur mál.

1. Staðan.

Skólameistari sagði frá stöðunni í skólastarfinu og upphafi annar. Nemendur eru um 850 í dagskóla sem er talsvert færri en undanfarin ár. Einnig stunda um 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Skólameistari ræddi einnig um stundatöflugerð, skóladagatal, kennsluáætlanir, aðgerðir vegna COVID-19, verkefni um eflingu lærdómssamfélags, Menntanet Suðurnesja, Grænu skrefin, Fab Lab, kennslu í húsasmíði, breytingar á húsnaði og búnaði, erlent samstarf og forvarnarviku gegn einelti

2. Útskrift.

Skólameistari sagði frá útskrift haustannar en að þessu sinni útskrifaðist 51 nemandi. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir var hægt að útskrifa allan hópinn í einu og gátu þeir gestir fylgt hverjum nemanda. Athöfninni var einnig streymt.

3. Fjármál.

Skólameistari sagði frá fjárhagsstöðu skólans og svaraði spurningum nefndarmanna. Almenn tætt um fjármál og fjárhagsstöðu.

gll.

4. Önnur mál.

a) Rætt um fundi skólanefndar á árinu og ákveðið að þeir verði í mars, maí, september og nóvember.


b) Guðmundur Rúnar, formaður nemendafélagsins, sagði frá starfsemi félagsins. Leikfélagið Vox Arena er að undirbúa uppsetningu á Grease í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur. Lið skólans keppti í Gettu betur en tapaði þar í 1. umferð. Samkomutakmarkanir hafa haft mikil áhrif á starfsemi félagsins en einnig virðist hafa dregið úr þátttöku í því sem þó hefur farið fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður



Ásrún Helga Kristinsdóttir



Einar Jón Pálsson



Halldór Rósmundur Guðjónsson



Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir



Gunnar Valdimarsson



Guðmundur Rúnar Júlíusson



Guðlaug Pálsdóttir, skólameistari



Guðmann Kristþórsson, fundarritari